

SKEIÐALAUG, SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPI

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 18326-001

DAGS.: 2020-12-19

VERKHLUTI: -

NR.:

HÖFUNDUR: Ari Guðmundsson

RÝNT AF:

DREIFING: Verkkaupi

Ábendingar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Minnisblað þetta er tekið saman í kjölfar yfirferðar á skoðunarskýrslu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands HES #22209A vegna Skeiðalaugar í Brautarholti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi í framhaldi af skoðun 10. nóvember s.l.

Farið hefur verið yfir skýrsluna, fundur haldinn með fulltrúa Heilbrigðiseftirlits 2. desember ásamt vettvangsskoðun 7. desember.

Úrbætur

Farið hefur verið yfir þær úrbætur sem mikilvægastar eru með tilliti til þess að laugin verði opin í einhver ár í viðbót, en framtíðaruppbygging eða breytingar hafa verið í umræðu sveitarfélagsins og ekki komin endanleg niðurstaða í þær áherslur sem lagt verður upp með.

Þannig eru hér að neðan gerðar tillögur að mikilvægustu úrbótum til að uppfylla ábendingar í áðurnefndri skýrslu Heilbrigðiseftirlits.

Rými framan við gufubað:

Þær aðgerðir sem hér eru lagðar til:

- Skafa upp og hreinsa lausa málningu á steiptum veggjum og lofti, grunna og mála þau rými að því loknu.
- Slípa óhreina bletti í viðarklæðningu í loftum, sóttgreinsa og lakka yfir.
- Rakaálag verður minnkað með því að opna ekki gufubaðsdyr í lok dags, heldur leyfa gufu að fara út um loftop á gufubaðsklefa yfir lengri tíma.
- Bæði inn- og útblástur er frá loftræsikerfi í rýminu. Gert er ráð fyrir að yfirfara og hreinsa loftstokka til að tryggja afköst.

Búningsherbergi karla:

Þær aðgerðir sem hér eru lagðar til:

- Endurnýja alla sturtuhausu.
- Hreinsa upp fúgu í austurenda sturturýmum á afmörkuðum stað, grunna og endurkítta.



Rými austan búningsherbergja að útisvæði:

Þær aðgerðir sem hér eru lagðar til:

- Skafa upp og hreinsa lausa málningu á steiptum veggjum, grunna og mála þau rými að því loknu.

Heitur pottur á sundlaugarsvæði:

Þær aðgerðir sem hér eru lagðar til:

- Brjóta upp um 40 x 60cm svæði við efstu tröppu framan við heitan pott. Taka snjóbræðsluslöngu í sundur og framlengja yfir að efsta þrepi potts. Steypa yfir og ganga frá yfirborði í samræmi við aðliggjandi fleti.

Rennuristar við sundlaug:

- Útbúin verða ryðfrjár ristar og settar á tvö horn sundlaugar, ca. 1m í hvora átt. Þær plastrennuristar sem þar voru eru nýttar til að endurnýja brotnar ristar á stöku stað.

Laugarker:

- Þegar viðrar vorið/sumarið 2021 verður farið í að hreinsa upp og mála laugarker ásamt heitum potti.

Loftræsikerfi:

Þær aðgerðir sem hér eru lagðar til:

- Yfirfara loftræsikerfi m.t.t. stillinga og afkasta.
- Yfirfara og hreinsa viðeigandi loftstokka og ristar.

Almennt:

Fyrir utan ofangreindar aðgerðir verður farið yfir laugina m.t.t. hreinsunar, t.d. flísar í kvennaklefa ásamt tiltekt í kjallara við þvottaaðstöðu. Þá verður unnið að öðrum ábendingum s.s. áhættumati.